



Reglur um fjárhagsaðstoð í Ísafjarðarbæ

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið og skyldur

Reglur Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð skulu tryggja að einstaklingar og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar fái fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og stuðning, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Tilgangur aðstoðar er að styðja einstaklinga til sjálfsbjargar, stuðla að valdeflingu þeirra og hvatningu til virkar þátttöku í samfélaginu. Markmið ráðgjafar og stuðnings er að gera einstaklingum kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar. Fjárhagsaðstoð skal veitt eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem stuðningur til að mæta grunnþörfum einstaklinga.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Heimilt er að greiða fjárhagsaðstoð til einstaklinga og fjölskyldna vegna sérstakra aðstæðna.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila. Þegar við á skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Umboðsmanns skuldara.

Fjárhagsaðstoð skal veitt þeim einstaklingum sem ekki eiga réttindi annars staðar. Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, fæðingarorlofssjóði, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga og einnig skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Jafnframt skal kanna rétt umsækjanda erlendis frá þegar við á.

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. [hjúskaparlög nr. 31/1993](#), [barnalög nr. 76/2003](#), og 19. gr. laga um [félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#). Fólki sem er skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón, enda hafi óvígð sambúð þeirra verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á

landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Umsækjanda er skylt að sækja rétt sinn hjá viðeigandi aðilum og skal staðfesting fylgja umsókn um fjárhagsaðstoð sbr. 9. gr. reglna þessara. Vanræki umsækjandi að sækja rétt sinn er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð sem nemur staðfestum rétti annars staðar eða greiða hálfra grunnfjárhæð til framfærslu sama mánuð og tvo mánuði þar á eftir.

Hafni einstaklingur vinnu eða vinnumarkaðsúrræðum, hefur verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun, hefur fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða hefur ekki sinnt virkri atvinnuleit með sannanlegum hætti skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir. Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi, nema veigamiklar ástæður liggja að baki að mati ráðgjafa.

Einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skal í samvinnu við ráðgjafa velferðarsviðs gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nýti öll úrræði sem stuðla að virkni, með það að markmiði að hann nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Læknisvottorð skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á vinnufærni og áætlun á endurhæfingu þegar það á við. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram.

Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfra grunnfjárhæð til framfærslu, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

4. gr.

Réttur fyrir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. 1. gr. [laga um lögheimili nr. 80/2018](#).

Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1991.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Skal þess sérstaklega getið í skriflegri skulda- viðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Félagsleg lán bera ekki vexti. Lán skal eingöngu veitt þeim umsækjendum sem staðfest er að hafi ekki lánstraust hjá

lánastofnunum. Við endurkröfu lánsins skal leitast við að koma ekki lánþega í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða.

Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt fyrir lánveitingu:

- a) Fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi geti staðið í skilum við afborganir.
- b) Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- c) Umsækjandi er ekki með eldra lán. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá velferðarsviði skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu.

Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum. Ef um lán er að ræða vegna húsaleigu eða tryggingargjalds skal lánið að öllu jöfnu endurgreiðast með sérstökum húsnæðisstuðningi, ásamt viðbótargreiðslum samkvæmt samkomulagi.

Framfærslulán skulu endurgreiðast í einni greiðslu þegar lántaki fær þær tekjur sem von er á, t.d. frá Tryggingarstofnun ríkisins og öðrum sambærilegum stofnunum. Framfærslulán er óheimilt að veita lengur en þrjá mánuði samfelld.

6. gr.

Tímabil samþykkis

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð gildir fyrir mánuð í senn. Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsókn var móttækin. Fjárhagsaðstoð skal öðru jöfnu greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Sé þörf á áframhaldandi aðstoð skal umsækjandi vera í samvinnu við ráðgjafa á velferðarsviði um lausn mála sinna.

Velferðarnefnd getur í undantekningartilfellum ákveðið að aðstoð skuli greidd lengra aftur í tímann, þó aldrei lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn var lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 40/1991. Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Fjárhagsaðstoð til umsækjenda sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að etja skal að jafnaði greiðast vikulega.

Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði skulu kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga nr. 40/1991.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

7. gr.

Umsókn

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skal leggja fram umsókn með rafrænum hætti á [þjónustugátt Ísafjarðarbæjar](#) eða á [Ísland.is](#) og undirrita með rafrænum skilríkjum. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá velferðarsviði Ísafjarðarbæjar.

Umsókn er aðeins gild að lögð séu fram eftirfarandi gögn sem sýni allar tekjur, eignir og skuldir umsækjanda og maka/sambúðaraðila, sé umsækjandi í hjónabandi eða sambúð. Yfirlit yfir tekjur þarf að ná til umsóknarmánaðar og mánuðinn á undan.

8. gr.

Fylgigögn

Í öllum tilfellum er átt við greiðslur á Íslandi og erlendis frá og ber að skila yfirlitum eftir því sem við á:

- a) Launaseðlar hafi umsækjandi atvinnutekjur, innlendum sem erlendum.
- b) Staðgreiðsluskrá RSK.
- c) Staðfesting á verktakagreiðslum.
- d) Greiðsluseðlar frá Tryggingastofnun ríkisins.
- e) Greiðsluseðlar frá lífeyrissjóðum, innlendum sem erlendum.
- f) Greiðsluseðlar og/eða vottorð frá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi umsækjanda og greinir frá rétti til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði. Þurfi umsækjandi um atvinnuleysisbætur að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum þurfa ástæður þess að koma fram í vottorðinu sem og lengd biðtíma.
- g) Staðfestingu frá Sjúkratryggingum Íslands um sjúkradagpeninga.
- h) Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, barnabætur, fæðingarstyrk, fæðingarorlof, greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags, frá bönkum, lánastofnunum eða öðrum aðilum.
- i) Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila, eigi það við. Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu sem og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.
- j) Læknisvottorð ef umsækjandi er óvinnufær.
- k) Einnig ber að skila skattframtali og eignayfirlýsingu frá ríkisfangslandi hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári.
- l) Einnig yfirlit um innistæður í bönkum, sparissjóðum eða öðrum fjármálastofnunum.
- m) Þá skal eftir atvikum liggja fyrir upplýsingar um lánshæfismat og skuldastöðu frá Creditinfo, einnig skv. IV. kafla í reglum þessum.

Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Ef umsækjandi skilar ekki viðeigandi gögnum um fjárhag sinn eða maka síns, ef við á, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar myndast þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis í landinu. Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á lögheimilisskráningu.

Umsækjandi sem hefur fengið dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans á að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði, skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt geti haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 34. gr. þessara reglna. Starfsmaður skal gera umsækjanda grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar vegna hvernar umsóknar. Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði. Ef umbeðin gögn berast ekki innan tveggja vikna frá því að umsókn er lögð fram er henni vísað frá.

9. gr.

Upplýsingar varðandi umsækjanda/maka

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar getur, ef þörf krefur, aflað ítarlegri upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda/maka, meðal annars hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Útlendingastofnun, innlendum og/eða erlendum lífeyrisjóðum, bönkum og nemendaskrá skóla. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Umsækjendur skulu boðaðir í viðtal á velferðarsviði þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður. Samhliða skal veita félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar. Enn fremur skulu þeir upplýstir um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt. Gera skal einstaklingsáætlun þar sem hafa skal samvinnu og samráð að leiðarljósi, sbr. 8. gr. og 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárpörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

10. gr.

Mat á fjárpörf

Grunnfjárhæð tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds. Grunnfjárhæð er lögð til grundvallar við ákvörðun fjárhagsaðstoðar og frá henni dregnar heildartekjur umsækjanda og maka eftir því sem við á. sbr. 12. gr. reglna þessara.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæð

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 217.257.- Upphæðin miðast við vísitölu neysluverðs þann 01. desember 2023, 608,3 stig. Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarsviði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og skulu hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs (frá 1939, grunnur 1988).

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar

Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er á kvarðanum 1,0. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, hvort sem það er hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum aðilum og nýtur hagræðis að því, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er á kvarðanum 0,6. Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð.
- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er á kvarðanum 1,6.
- Í sérstökum aðstæðum er hægt að sækja um til viðbótar við grunnfjárhæð, sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Viðbótarstuðningur vegna barna er á kvarðanum 0,1 fyrir hvert barn.
Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna í frístund, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla.
- Desemberuppbót sem nemur 0,1 af grunnfjárhæð einstaklings fyrir umsækjanda/umsækjendur. Heimilt er að taka sérstakt tillit til barna og veita sem nemur 0,1 af grunnfjárhæð einstaklings fyrir hvert barn.

Frá upphæð fjárhagsaðstoðar dragast skattskyldar tekjur sbr. 13. gr. í reglum þessum. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur er dregin frá. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur ekki fengið meðlag og er með skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárförf.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 19. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

12. gr.

Aðstoð vegna barna og ungmenna

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gera ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum. En í sérstökum aðstæðum er hægt að veita viðbótarstuðning vegna barns.

Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

13. gr.

Tekjur umsækjanda/maka

Allar tekjur einstaklings og maka/sambýlisaðila, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn þar á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubóta og/eða vaxtabóta, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklinga og maka/sambýlisaðila sem eru ekki sérstaklega til framfærslu barns/barna.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Til tekna telst:

- a) Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, stéttarfélögum, fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, fjármagnstekjur, leigutekjur o.s.frv.
- b) Mæðra- og feðralaun.
- c) Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá.
- d) Atvinnuleysisbætur, eigi umsækjandi rétt á þeim. Reikna skal atvinnuleysisbætur umsækjanda til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar skal gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum, ef við á.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslu vaxta- og húsnæðisbóta.

14. gr.

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

15. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda

Meðlagsgreiðslur, sem umsækjandi hefur greitt reglulega fram að þeim tíma að hann sækir um fjárhagsaðstoð, reiknast til frádráttar tekjum samkvæmt 11. grein reglna þessara. Hér er átt við áfallandi meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

16. gr.

Skyndiaðstoð

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð, hér nefnd skyndiaðstoð, þó svo öll tilskilin gögn fylgi ekki umsókn ef um brýna neyð er að ræða. Skyndiaðstoð er veitt að hámarki á kvarðanum 0,25 af grunnfjárhæð einstaklings.

Skyndiaðstoð skal að jafnaði veitt sem lán eða styrkur og aðeins er heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni á ári. Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum skal tekið tillit til lánsins/styrksins við útborgun fjárhagsaðstoðar. Að öðrum kosti getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.

17. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og einstaklingar í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa eða hafa haft lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð eiga rétt á fjárhagsaðstoð, hafi þeir stöðvað atvinnurekstur sinn og tilkynnt skattfyrvöldum um það. Einnig er það skilyrði að þeir hafi sótt um atvinnuleysisbætur í samræmi við lög um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006.

Gerð skal krafa um að einstaklingar í hlutastarfi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi en framvísi ella læknisvottorði.

18. gr.

Fjárhagsaðstoð er skattskyld

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til [laga um tekjuskatt nr. 90/2003](#). Umsækjandi skal tilkynna um nýtingu skattkorts með sannarlegum hætti áður en fjárhagsaðstoð er innt af hendi.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

19. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna náms 16 til 17 ára barna

Einstaklingur yngri en 18 ára á ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni. Foreldrum er skylt að framfæra barns sitt til 18 ára aldurs þess, sbr. IX. kafla barnalaga nr. 76/2003.

Heimilt er að veita foreldrum með tekjur undir grunnfjárhæð fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld að með umsókn skulu fylgja kvittanir af útlögðum kostnaði. Námsstyrkur er á kvarðanum 0,3 af grunnfjárhæð einstaklings.

20. gr.

Námsstyrkir

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám nýtur ekki fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Heimilt er að veita lán/styrki til einstaklinga, 18 til 24 ára, sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla, sem stuðning við markmið í vinnu með félagsráðgjafa sem miðar m.a. að efnahagslega sjálfstæðu lífi viðkomandi. Umsóknir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn, þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu á kvarðanum 1,0, ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði, með umsókn skulu fylgja kvittanir af útlögðum kostnaði. Námsstyrkur er á kvarðanum 0,3 af grunn fjárhæð einstaklings.

Leggja skal inn umsókn um námsstyrki fjórum vikum áður en nám hefst.

Heimildin á við þegar einstaklingur er atvinnulaus án bótaréttar eða hefur haft skattskyldar tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjú mánuði. Þó má gera undantekningu ef viðkomandi einstaklingur hefur verið í sumarvinnu og var sökum þess tekjuhærri á tímabili en ella. Taka skal þá mið af skattskyldum tekjum þremur mánuðum áður en sumarvinnan hófst. Skilyrði er að viðkomandi framvísi ráðningarsamningi þar sem ráðningartími er tilgreindur. Aðstoð vegna náms skal miðast við grunnupphæð fjárhagsaðstoðar skv. 8. gr. Tekjur einstaklings koma til frádráttar, sbr. 10. gr. þ.m.t. menntunarfrelsi og/eða barnalífeyrir vegna náms milli 18 ára og tvítugs sem einstaklingi er heimilt að sækja um hjá sýslumanni uppfylli hann skilyrði til þess.

Einstaklingsáætlun skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, hvernig staðið skuli að skilum varðandi upplýsingar um skólasókn og einkunnir. Jafnframt skal geta eftir atvikum hvaða stuðning annan umsækjandi þarf.

Umsóknir varðandi námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Námsstyrkir eru háðir samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Námsmaður þarf að standa skil á skólasókn, námsframvindu og einkunnum. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna.

21. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð

Ef sérstök meðferðar- og /eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra til að stunda framhaldsskóla fjarri heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt [lögum um námsstyrki nr. 79/2003](#) og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

22. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri í eftirtöldum tilvikum.

- a) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 0,1 af grunnfjárhæð einstaklings fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.
- b) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar eða á grundvelli einstaklingsáætlunar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- c) Fjárhagsaðstoð til kaupa á nauðsynjum svo sem fatnaði, eða hjálpartækjum á borð við gleraugu eða heyrnartæki. Styrkupp hæð miðast við sambærilega styrki hjá Sjúkra- tryggingum Íslands og er sem nemur 0,4 af grunnfjárhæð einstaklings.
- d) Fermingarstyrk sem nemur 0,5 af grunnfjárhæð einstaklings.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

23. gr.

Húsbúnaðarstyrkur

Húsbúnaðarstyrk má veita þeim einstaklingum sem eru eignalausir, eiga í miklum félagslegum erfiðleikum og með tekjur við viðmiðunarmörk sem eru að hefja búskap eða eiga ekki húsbúnað. Húsbúnaðarstyrkur reiknast út frá kvarðanum 0,7 af grunnfjárhæð einstaklings.

Húsbúnaðarstyrkur greiðist að jafnaði aðeins í eitt skipti gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.

24. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

- A. Styrkur til greiðslu tannlækninga.
Heimilt er undir sérstökum kringumstæðum, að veita einstaklingi sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum undanfarna sex mánuði styrk til nauðsynlegra tannlækninga. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja umsókn. Aðstoðin er veitt á kvarðanum 0,4 af grunnfjárhæð einstaklings, á 12 mánaðar tímabili.
- B. Styrkur til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum.
Heimilt er að veita einstaklingi sem hefur búið við mikla félagslega erfiðleika til lengri tíma eða sem hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi styrk til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum, enda sé

fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að veita þjónustuna innan velferðarsviðs eða á vegum opinberra heilbrigðisstofnana, þeim að kostnaðarlausu. Skilyrði fyrir veitingu styrksins er að viðkomandi einstaklingur sé á eða við viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar. Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm skipti í senn og að hámarki tíu skipti á ári. Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila og meta þörf fyrir frekari aðstoð. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun sérfræðings. Aðstoðin er veitt á kvarðanum 0,4 af grunnfjárhæð einstaklings, á 12 mánaða tímabili.

C. Styrkur til greiðslu sérfræðikostnaðar.

Heimilt er veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegs lækniskostnaðar hjá viðurkenndu heilbrigðisstarfsfólki. Aðstoðin er veitt á kvarðanum 0,4 af grunnfjárhæð einstaklings, á 12 mánaða tímabili.

D. Lán til nauðsynlegra læknisferða.

Þegar einstaklingur sem er við viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar þarf að sækja sér nauðsynlegrar læknismeðferðar sem er greidd af sjúkratryggingum Íslands getur hann fengið lán fyrir ferðinni meðan beðið er eftir endurgreiðslu frá SÍ.

E. Dvalarkostnaður á áfangaheimili, neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili.

Heimilt er að greiða dvalarkostnað umsækjanda sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og veita fjárhagsaðstoð sem skal vera jafn há ráðstöfunarfé samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma. Dvalargjald og vasapeningur geta að hámarki numið grunnfjárhæð einstaklings og skal dvalargjald greitt beint til viðkomandi stofnunar. Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með starfsleyfi. Fjárhagsaðstoð er einungis samþykkt ef umsækjandi er tekjulaus.

25. gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna. Útfararstyrkur er veitt á kvarðanum 1,5 af grunnfjárhæð einstaklings. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð velferðarsviðs
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. [laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991](#), eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erlingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

26. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að sem nemur þriggja mánaða leigu á almennum markaði, til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan. Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika. Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstaks húsnæðisstuðnings. Sé fyrirframgreidd húsaleiga/trygging greidd sem lán skal gera greiðslusamkomulag um endurgreiðslu lánsins.

27. gr.

Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð. Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi, að mati starfsmanns, raunverulegan áhuga á endurhæfingu.

Gerður skal samningur um félagslega ráðgjöf og þegar við á endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins, ásamt því að sækja um endurhæfingarlífeyri í samvinnu við umsækjanda. Í áætlun skulu koma fram markmið, tímaáætlun, ábyrgð viðkomandi og tilgreind tegund aðstoðar, eftirfylgni og reglubundið mat á árangri. Viðkomandi þarf að skila inn læknavottorði og vera virkur þátttakandi í atvinnu- eða námstengdum verkefnum.

29. gr.

Styrkur vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita styrk á kvarðanum 1,0 af grunnfjárhæð einstaklings.

- a) Að tekjur einstaklings séu á eða undir viðmiðunarmörkum.
- b) Að fyrir liggi yfirlit starfsmanns velferðarsviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c) Að umsækjandi hafi ekki fengið fyrirgreiðslu skv. þessari grein undanfarna 12 mánuði.
- d) Að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana, þar sem það á við.
- e) Að fyrir liggi samningur um félagslega ráðgjöf eða fjármálaráðgjöf, þar sem það á við. Ekki er heimilt að veita styrk til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er ekki heimilt að veita styrk til greiðslu skattaskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.
- f) Vegna sérstakrar erfiðleika sem velferðarnefnd ákveður að veita aðstoð við.
- g) Jafnframt er heimilt að veita fjárhagsaðstoð á móti fæðingarstyrki séu tekjur undir viðmiðunarmörkum.

- h) Veittur er styrkur fyrir samgöngum ef umsækjandi er búsettur dreifbýliskjörnum Ísafjarðarbæjar og þarf að sækja viðeigandi þjónustu t.d. heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, geðheilsuteymi, Virk, Starfsendurhæfingu Vestfjarða, Vesturafl eða fjölsmiðjuna.
- i) Veittur er styrkur fyrir flugsamgöngum ef viðkomandi þarf að nýta sér sérfræðiþjónustu sem ekki fellur undir ákvæði Tryggingarstofnunar.
- j) Styrkurinn er veittur t.d. til kaupa á nauðsynjum, svo sem fatnaði, gleraugum, heyrnar-tækjum og öðrum hjálpartækjum.
- k) Vegna sérstakra erfiðleika sem velferðarnefnd ákveður að veita aðstoð við.

Styrkurinn kemur að jafnaði aðeins til álita sýni umsækjandi fram á að styrkur muni breyta stöðu hans til hins betra þegar til lengri tíma er litið.

V. kafli

Málsmeðferð

30. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og [stjórnsýslulaga nr. 37/1993](#) gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

31. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndarnefndar Ísafjarðarbæjar. Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar er heimilt að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni og greinargerð frá velferðarsviði liggur fyrir.

32. gr.

Afgreiðsla aðstoðar

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Starfsmenn velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar skulu taka ákvörðun á grundvelli reglna þessara og jafnframt sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Áður en samþykkt fjárhagsaðstoð er greidd út eða í reikning viðkomandi, er heimilt að draga frá aðstoðinni upphæðir til greiðslu á: Húsaleigu, leikskólagjöldum, orkureikningum, eða öðru, sem kveðið er á um í samkomulagi því sem gert er við umsækjanda.

33. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað að hluta til eða í heild skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

34. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

35. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

36. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið velferðarsviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

37. gr.

Málskot til velferðarnefndar

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna.

38. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Ákvörðun velferðarnefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. [lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015](#). Skal það gert innan þriggja mánaða frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun velferðarnefndar.

Reglur Ísafjarðarbæjar um veitingu fjárhagsaðstoðar voru samþykktar af velferðarnefnd þann 10. desember 2024 og af bæjarstjórn þann 19. desember 2024 til að öðlast þegar gildi.